

Brunatrygging húseignar

TM

Upplýsingaskjal um vátryggingu

TM tryggingar hf. - Reykjastræti 6, 101 Reykjavík

Skilmáli 150

Staðlað upplýsingaskjal um vátryggingu

Í þessu skjali finnur þú allar helstu upplýsingar um trygginguna. Vakin er athygli á því að atriði sem talin eru upp hér fyrir neðan eru ekki tæmandi listar heldur algeng og lýsandi atriði sett fram í þeim tilgangi að gefa þér góða mynd af tryggingunni í stuttu máli. Nákvæmari upplýsingar er að finna í skilmálum tryggingarinnar. Nýjustu skilmála og frekari upplýsingar um trygginguna finnur þú á [tm.is](#) og í TM appinu. Ef þú kaupir trygginguna færðu skírteini og þá skilmála sem gilda í þínu tilviki og getur þar séð nákvæmlega hvernig tryggingavernd þinni er háttað. Þú getur alltaf nálgast yfirlit yfir þínar tryggingar og iðgjöld í TM appinu.



Hvað bætir tryggingin?

- ✓ Tjón vegna eldsvoða, eldinga, sótfalls eða sprenginga.
- ✓ Tjón af völdum loftfars.
- ✓ Kostnaður vegna slökkvi- og björgunaraðgerða, niðurrifs eða annarra réttmætra aðgerða til að afstýra eða draga úr tjóni.

Upptalningin hér að ofan er ekki tæmandi. Nánari upplýsingar um trygginguna er að finna í skilmála hennar.



Hvað bætir tryggingin ekki?

- ✗ Tjón á innbúi.
- ✗ Óbeint tjón svo sem rekstrartap eða tap húsaleigutekna.
- ✗ Tjón vegna elds sem er ekki eldsvoði, svo sem tjón á munum sem verða fyrir eldi eða hita við suðu, upphitun eða reykingu.

Upptalningin hér að ofan er ekki tæmandi. Nánari upplýsingar um trygginguna er að finna í skilmála hennar.



Eru einhverjar sérstakar takmarkanir?

- ! Tryggingafjárhæðin takmarkast við brunabótamat.

Upptalningin hér að ofan er ekki tæmandi. Nánari upplýsingar um trygginguna er að finna í skilmála hennar.



Hvar gildir tryggingin?

✓ Á þeim stað sem tilgreindur er í skírteini við útgáfu og endurnýjun tryggingarinnar.



Hverjar eru mínar skyldur?

Sjá til þess að allur umbúnaður á og við húseignina sé í samræmi við fyrirmæli í gildandi lögum og reglugerðum.

Bæta úr vanbúnaði á húseign eftir athugasemdum frá TM og opinberum eftirlitsstofnunum, til dæmis Brunamálastofnun, Neytendastofu, eldvarnareftirliti eða byggingaryfirvöldum sveitarfélaga.

Tilkynna þarf um allar breytingar sem gerðar eru á húseigninni sem geta haft í för með sér aukna áhættu á tjóni.



Hvenær og hvernig greiði ég fyrir trygginguna?

Almennt er hægt að velja um nokkrar leiðir til að greiða fyrir trygginguna, þ.e. í einu lagi við útgáfu og hverja endurnýjun, með greiðsludreifingu í netbanka eða með kreditkorti.

Löggjöld fyrir trygginguna hvíla sem lögveð á húseigninni og ganga í tvö ár fyrir öllum öðrum skuldbindingum sem á henni hvíla nema sköttum til ríkissjóðs.



Hvenær tekur tryggingin gildi og hvenær lýkur henni?

Tryggingin gildir almennt í 12 mánuði frá því tímamarki sem getið er í skírteini og endurnýjast sjálfkrafa sé henni ekki sagt upp á því tímabili.



Hvernig segi ég tryggingunni upp?

Almennt er hægt að segja tryggingunni upp hvenær sem er á tryggingartímabilinu með skriflegri uppsögn ef þú færir þig til annars tryggingafélags eða hefur ekki lengur þörf fyrir hana. Löggjald er þó greitt fyrir þann hluta tímabilsins sem tryggingin var í gildi.

Þar sem tryggingin er lögboðin er uppsögn ekki gild nema að með henni fylgi staðfesting á því að þú hafir stofnað til nýrrar tryggingar hjá öðru tryggingafélagi.